

Innviðaráðuneytið
Sigurður Ingi Jóhannsson ráðherra
Sölvhólsögötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 18. október 2023

Efni: Álit Samkeppniseftirlitsins um leiðir til að efla samkeppni á flutningamarkaði

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til álits Samkeppniseftirlitsins (SE) nr. 1/2023, um leiðir til að efla samkeppni á flutningamarkaði. Álitinu er meðal annars beint til innviðaráðherra. Álitið er sett fram í framhaldi af ákvörðun SE í máli Samskipa, en þar er upplýst um umfangsmikil samkeppnisbrot skipafélaganna Samskipa og Eimskips, sem valdið hafa þúsundum fyrirtækja og öllum þorra neytenda verulegu tjóni.

Líkt og segir í álitinu, varpar ákvörðunin ljósi á mikilvægi þess að stjórnvöld grípi til aðgerða til að efla samkeppni á flutningamarkaði. Í álitinu er í því samhengi vísað til hækkana vöruverðs síðustu mánuði og aðstæðna í efnahagslífinu.

Í álitinu er eftirfarandi tilmælum beint til innviðaráðherra:

- Að við mótun laga og reglna á vettvangi hafnarmála og landflutninga verði öll tækifæri nýtt til þess að skapa aðstæður fyrir virkari samkeppni í flutningum. Þar á meðal verði hugað að þessu við frekari innleiðingu á reglugerð ESB nr. 2017/352.
- Að ráðherra nýti þau úrræði sem hann hefur til þess að stuðla að því að ákvörðunum sem tengjast frekari þróun hafnaraðstöðu við Sundahöfn verið flýtt eins og kostur er og að ákvarðanir á þessu sviði taki mið af því að nýir og minni aðilar geti fengið aðstöðu og viðeigandi þjónustu sem geri þeim kleift að keppa, án mismununar, við stærri aðila í sjóflutningum.
- Að ráðherra hugi að leiðum sem hann hefur á valdi sínu til þess að efla samkeppni í landflutningum, m.a. með því að skapa minni aðilum aðstæður til þess að hefja starfsemi og keppa á flutningsleiðum, til hagsbóta fyrir almenning og fyrirtæki og til sóknar fyrir byggðir landsins.
- Að ráðherra hugi að leiðum til þess að skapa aukið aðhald gagnvart nýrri eða sértækri gjaldtöku á flutningamörkuðum.

Í áliti SE kemur fram að verulegar aðgangshindranir tengdar hafnaraðstöðu og skipaafgreiðslu hamli samkeppni annarra skipafélaga við Eimskip og Samskip. Félögin tvö sitja ein að aðstöðu í Sundahöfn og ráða þar grunninnviðum. Þau eiga þannig búnað til skipaafgreiðslu og hugsanlegir keppinautar eru neyddir til að eiga viðskipti við fyrirtækin tvö sem eru þar á fleti fyrir. Samkeppniseftirlitið mælist til þess að stjórnvöld og hlutaðeigandi opinberir aðilar tryggi aðgengi nýrra og minni keppinauta í sjóflutningum að fullnægjandi hafnaraðstöðu og skipaafgreiðslu hér á landi.

Í Félaga atvinnurekenda er fjöldi inn- og útflutningsfyrirtækja. Þau hafa upp til hópa kvartað árum saman yfir ónógri samkeppni í flutningaþjónustu og hárrí verðlagningu stóru skipafélaganna.

Undanfarin misseri hefur óánægja með verðlagningu í skipaflutningum farið enn vaxandi og hefur FA fengið fjölda ábendinga frá félagsmönnum um ónóga samkeppni, ógegnsæja verðlagningu, meðal annars í formi sértækra gjalda sem leggjast ofan á aðra gjaldskrá, og mismunun, sem m.a. felst í því að erlendir birgjar fá lægri tilboð í nákvæmlega sömu flutninga en íslensk innflutningsfyrirtæki. Fyrirtæki sem stunda milliríkjaverzlun eiga gríðarlega mikið undir því að virk og eðlileg samkeppni ríki í flutningum og að fákeppni á flutningamarkaði, sem meðal annars helgast af hinni þægilegu aðstöðu sem skipafélögin hafa komið sér í við Sundin, verði brotin upp.

Í álitinu er jafnramt rakið hvernig stóru skipafélögin áttu með sér samstarf í landflutningum, skiptu markaðnum á milli sín og hækkuðu verð kerfisbundið og ítrekað. Samkeppniseftirlitið fann við rannsókn málsins vísbendingar um að samstarfið hefði haldið áfram að hluta til allt fram á síðustu ár. Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi þess fyrir atvinnulíf í landinu, ekki sízt fyrirtæki í hinum dreifðu byggðum, að virk samkeppni eigi sér stað á landflutningamarkaði og nýir keppinautar fái tækifæri til að bjóða betur.

Sex vikur eru nú liðnar frá því að innviðaráðuneytið fékk sent álit Samkeppniseftirlitsins. Félag atvinnurekenda óskar eftir upplýsingum um eftirfarandi:

- 1) Til hvaða ráðstafana hefur ráðuneytið gripið í framhaldi af álitinu? Hefur einhver vinna verið sett í gang af hálfu ráðuneytisins?
- 2) Hver er stefna ráðherra varðandi skipulag og rekstur Sundahafnar með tilliti til samkeppnismála og aðgangs keppinauta stóru skipafélaganna að hafnaraðstöðu og skipaafgreiðslu?
- 3) Hver er stefna ráðherra varðandi aðgerðir til að efla samkeppni í landflutningum?
- 4) Hver er stefna ráðherra hvað varðar aukið aðhald gagnvart nýrri eða sértækri gjalddöku á flutningamörkuðum?
- 5) Hver er tímarammi þeirra aðgerða sem ráðuneytið hyggst ráðast í?

Í álit Samkeppniseftirlitsins kemur fram að tilmælum stofnunarinnar frá 2008 um að stjórnvöld stuðluðu að aukinni samkeppni á flutningamarkaði hafi í engu verið sinnt. Fyrirtækin innan raða Félags atvinnurekenda geta engan veginn unað því að í þetta sinn verði tómlæti og aðgerðaleyfi stjórnvalda það sama. Aðgerða er þörf til að efla samkeppni á flutningamarkaðnum og stuðla að lækun flutningskostnaðar. Óskað er svars við erindi þessu hið fyrsta.

Virðingarfyllt,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA